

Ljósleiðaralögn Hrísey


Dagsetning | 19.7.2021
 Höfundur | Brynjólfur/Elmar
 Efni | Ljósleiðara sæstrengur til Hríseyjar

Verkkaupi

Fyrir hönd Tengis kt. 660702-2880 Fjölнисgötu 6c, 603 Akureyri er óskað eftir leyfi fyrir lagningu ljósleiðara í sjó til Hríseyjar.

Umfang framkvæmdar

Um er að ræða u.þ.b. 4km lögn frá Árskógssandi og að Hrísey. Fyrirhuguð lega strengs er samkvæmt meðfylgjandi hnitaskrá þar sem helgunarsvæði strengs yrði 100m sitthvorum megin við strengin.



Notaður verður fjölgeisla mæling til að finna góðan botn fyrir legu strengsins og eins til að skoða hvort einhverjar fornleifar eða annað er í veginum. Þetta er gert með fjarstýrðum rafdrifnum sjómælingabát sem siglir á yfirborði sjávar og mælir allt sem fyrir er með um 15 til 25mm nákvæmni. Að lokinni fjölgeisla mælingu myndar fjarstýrður kafbátur leiðina með hágæða myndavél. Tilgangurinn er að fá fullvissa um að ekkert sé í vegi strengsins sem getur skaðað strenginn, það getur verið grjót eða fornleifar ofl. Þarna gæfist fornleifafræðingi tækifæri til að að "horfa yfir öxlinu" á meðan þessum mælingum stendur ef tilefni væri til.

Við lagningu á sæstrengnum er strengurinn settur á lagningapramma, ásamt vinnubát sem er síðan siglt að því landtaki sem byrja skal lagningu frá. Fyrri endi strengsins er festur á landi síðan er siglt hægt af stað og alla leið á meðan strengurinn er lagður niður á sjávarbotninn. Þegar komið er að seinna landtakinu er seinni endi strengsins dreginn á land og festur. Að lokum er strengurinn myndaður alla leið og komið í skurð sem gera þarf í landtökum beggja vegna.

Að lagningu lokinni þá er mokað yfir skurði í landtökum og gengið frá brunnum og strengnum þar við, ásamt því að jarðskaut eru sett á hann beggja vegna.

Að verki loknu er myndefni afhent ásamt endanlegri hnitaskrá og verkskýrslu.

Óveruleg mengunarhætta er af framkvæmdinni og þar sem framkvæmdaraðili Sjótækni er með alþjóðlega vottun samkvæmt ISO 14001 og ISO 45001 ásamt því að vinna eftir ISO 9001 þá er verklag ásamt verkferlum þannig að allt kapp er lagt á að vernda umhverfið og tryggja öryggið við framkvæmdir. Um borð í bátum er mengunarvarnarbúnaður staðalbúnaður til að geta brugðist strax við ef einhver leki verður um borð

Strenggerð og tilgangur

Sæstrengurinn verður nýr ljósleiðarastrengur 24-96 þráða frá Hexatronic, ætlaður til lagningar í sjó samkvæmt „Mechanical and environmental tests in accordance with IEC 60794-1-2“.

Í meðfylgjandi viðhengi eru nákvæmari upplýsingar um strenginn. Strengurinn mun bæta netsamskipti fyrirtækja og einkaaðila í Hrísey til muna en í dag er notaður örbylgjusendir á milli Dalvíkur og Hríseyjar. Það er stefna yfirvalda að tengja öll bæjarfélög ljósleiðara til að ásættanlegur nethraði náist.

Skipulag

Sótt verður um leyfi til Akureyrbæjar er varða lagningu strengsins í Hrísey sem og til landeiganda við Árskógssand um heimild fyrir lögnað tengipunkti sem er í dæluhúsið að Brimnesborgum þar sem hann tengist við fjarskiptakerfi Tengis.

Framkvæmdarsvæði

Strengurinn verður plægður og grafinn niður að fjörunni norðan við Árskógssand þar sem strengurinn fer í sjó. Lögnin fylgir vegslóða sem þarna er að mestu að tengistað. Gul lína er sæstrengur, bleik lína ljósleiðari að tengipunkti.



Í Hrísey kemur strengurinn á land rétt sunnan við bæjarkjarnann. Þaðan verður hann grafinn niður og lagður með götunni að símsstöð sem staðsett er í Norðurvegi 6-8 (sjá mynd hér að neðan).



Skipulagsstofnun

Samkvæmt álitni Skipulagsstofnunar um mat á umhverfissáhrifum þá er framkvæmdin ekki háð mati á umhverfissáhrifum.